

1. Um trygginguna

Þetta er sjálfsábyrgðar trygging, kaskóvernd, sem dregur úr eða greiðir að fullu sjálfsábyrgð sem þú

- (a) þarft að greiða í tengslum við bótakröfu sem fellur undir váttryggingarvernd og hefur verið greidd úr kaskótryggingunni þinni, eða
- (b) þarft að greiða bílaleigu í samræmi við bílaleigusamning komi til tjóns á bíl sem þú hefur leigt erlendis.

2. Hver er váttryggingartaki

Váttryggingartaki er sá einstaklingur sem gerir samkomulag við Tryg um kaup á kaskóvernd.

3. Hver er tryggður

Þú sem váttryggingartaki. Þar sem stendur “þú” eða “þitt” er átt við þig sem váttryggingartaka og hverja aðra einstaklinga sem falla undir váttryggingarverndina.

4. Hvað er váttryggingartímabilið

Váttryggingin gildir það tímabil sem kemur fram í váttryggingarskírteini en að því loknu fellur hún niður án frekari fyrirvara.

5. Hvar gildir váttryggingin

Tryggingin gildir í þeim löndum sem fram koma í váttryggingarskírteini.

6. Hver er váttryggingarfjárhæðin

Tryggingin bætir allt að 146.500 ISK fyrir hvert tjón. Tryggingin bætir hámark **eitt** tjón á ári.

7. Hver er sjálfsábyrgðin

Það er engin sjálfsábyrgð í þessari tryggingu

8. Hvað bætir tryggingin

Þessi váttrygging bætir sjálfsábyrgð í tengslum við:

- Innbrot/þjófnað
- Skemmdir vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika
- Eldsvoða
- Aðra ófyrirsjáanlega atburði sem falla undir kaskótryggingu ökutækisins.

9. Hvað bætir tryggingin ekki

Tryggingin bætir ekki tjón eða bótakröfur (nema annað sé tekið fram í skilmálum)

- (a) Hafir þú brotið reglur/skilmála tryggingarinnar eða viðkomandi bílaleigu
- (b) Hafi ökumaður bifreiðarinnar verið annar en sá sem skráður var á bílaleigusamning.
- (c) Sé ökumaður bifreiðarinnar ekki með gilt ökuskírteini.
- (d) Á bílaleigubílum sem metnir eru á meira en € 100.000.
- (e) Á bílaleigubílum sem ekki eru skráðir til notkunar á almennum vegum.
- (f) Á innra byrði bílaleigubíls og auka búnaði, til að mynda barnabílstólum, GBS eða þakboxum.
- (g) Sem verða við akstur á vegum sem ekki eru ætlaðir almenningi eða á einkavegum.
- (h) Sem falla undir aðrar tryggingar, ábyrgðir, þjónustusamninga eða álíka.

(i) Á bílaleigubíl sem ekki var leigður erlendis.

(j) Á ökutækjum eldri en 15 ára.

(k) Á sérstökum bílaleigubílum, til að mynda sportbílum, limosínu, utanvega- eða fjallabílum.

10. Skilyrði tryggingarverndar

Til að halda váttryggingarvernd þarf þú alltaf að:

- (a) Stjórna ökutækinu á þann hátt sem það var hannað til.
- (b) Fara þannig með ökutækið að komið sé í veg fyrir skemmdir á allan mögulegan hátt, þar á meðal að fylgja leiðbeiningum í handbók.
- (c) Fara með og stjórna ökutækinu af eðlilegri varkárni svo að komið sé í veg fyrir skemmdir að eins miklu leyti og mögulegt er, þar á meðal að berskjalda bílinn ekki fyrir augljósri hættu á skemmdum.

11. Almennar takmarkanir og undantekningar

Tryggingin bætir ekki tjón sem rekja má beint eða óbeint til eftirfarandi:

Force Majeure - óviðráðanleg öfl

Þar á meðal stríð (hvort sem því hefur verið lýst yfir eða ekki), hryðjuverk, stríðsaðgerðir, upplýsingastríð (cyber warfare), internet-hryðjuverk, brot á hlutleysi, borgarastríð, óeirðir eða uppþot, uppreisnar eða byltingar, verkfalla, tálmana, íhlutunar stjórnvalda, náttúruhamfara, farsóttar og heimsfaraldra.

Kjarnorkuhætta

Óviljandi eða vísvitandi losun kjarnorku, sem og geislavirkra, eitraðra, sprengifimra eða annara hættulegra eiginleika kjarnorku-eldsneytiseininga eða geislavirkra íhluta.

Tryggingin bætir þó atvik sem eru afleiðing af eða í tengslum við kjarnahvörf sem notuð eru í venjulegum iðnaði, læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Notkunin verður að fylgja þeim reglugerðum sem í gildi eru og má ekki tengjast kjarnakljúfum eða hraðal starfsemi.

Viljaverk, vítavert gáleysi og/eða ólöglegt athæfi

Viljaverk, vítavert gáleysi eða aðgerðarleysi, þar á meðal ólögleg athæfi.

Misnotkun áfengis, eiturylfja og/eða lyfja

Tjón sem hlýst af ölvun eða áhrifum lyfja, eiturylfja eða annara vímuefnagjafa þegar tengsl þess ástands og tjóns eru sannanleg.

Þátttaka í kappakstri

Þátttaka í kappakstri, óháð tegund.

12. Alþjóðleg höft

Komi til þess að það gangi gegn einhverjum lögum eða reglugerðum sem eiga við um Tryg á einhverjum tímapunkti, sem og ef það gengur gegn einhvers konar viðskiptabanni eða höftum sem sett hafa verið á af Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, Bretlandi eða Bandaríkjunum, mun Tryg ekki veita váttryggingar-vernd eða bera bótaskyldu eða bjóða upp á neina vernd eða greiða varnarkostnað eða veita nokkurs konar öryggi fyrir

þína hönd, að því leyti sem það kæmi til með að brjóta slík lög eða reglugerðir.

13. Bótakröfur

Komi til bótakröfu verður að tilkynna um það eins fljótt og mögulegt er og nota til þess þær tengiliða upplýsingar sem fram koma í váttryggingarskírteini.

Skjöl

Þú verður að færa sönnur fyrir bótakröfu þinni og sýna fram á gögn máli þínu til sönnunar. Getir þú ekki sannað eða skjalfest bótakröfu þína getum við hafnað bótakröfunni.

Lækkun eða niðurfelling bóta

Í samræmi við dönsk og íslensk lög um váttryggingarsamninga kunna bætur að verða lækkaðar eða felldar niður ef þú

- Hefur viljandi (sviksamlega) haldið frá okkur upplýsingum eða gefið okkur rangar upplýsingar sem skipta máli fyrir trygginguna.
- Ferð ekki að skyldum þínum sem koma fram í þessum váttryggingarskilmálum.
- Hefur orðið valdur að atburði, meiðslum eða tjóni með stórkostlegu gáleysi eða vanrækslu.

Almennir skilmálar og skilyrði

Innistæðutryggingasjóður

Váttryggjandi er Tryg Forsikring A/S, CVR nr. 24260666, sem er hluti af danska innistæðu-tryggingasjóðnum fyrir skaðatrygginga félög og greiðir bætur ef kemur til gjaldþrots félags.

Eftirlit

Tryg er undir eftirliti danska fjármálaeftirlitsins.

Sala váttryggingar

Tryggingamiðlun Íslands selur váttrygginguna fyrir hönd Tryg og fær greitt frá Tryg fyrir hverja selda tryggingu.

Gildistími og uppsagnir

Tryggingin gildir í þann tíma sem fram kemur í skírteini og rennur að þeim tíma loknum út án frekari fyrirvara.

Váttryggingartaki getur sagt tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartíma. Sé tryggingu sagt upp að 30 daga iðrunarfresti liðnum, á Tryg rétt á iðgjaldi fyrir það tímabil sem tryggingin var í gildi.

Sé tryggingu sagt upp eftir að við greiðum bætur átt þú ekki rétt á endurgreiðslu iðgjaldsins fyrir það sem eftir er af váttryggingartímanum.

Iðgjald og greiðsla

Iðgjaldið er greitt fyrir 12 mánaða tímabil og greitt fyrirfram.

Tvöföld trygging

Hafir þú keypt aðra tryggingu sem bætir það sama og þessi hjá öðrum váttryggjanda verður þú einnig að tilkynna tjónið til þess váttryggjanda. Hafi hinn váttryggjandinn sett það skilyrði að váttryggingarvernd falli niður eða lækki hafi eins trygging verið keypt hjá öðrum váttryggjanda á það einnig við um þessa tryggingu. Þetta skilyrði á aðeins við um

gagnkvæmt samband váttryggjenda, sem munu þá skipta bótagreiðslum á milli sín.

Kröfuhafaskipti

Þegar Tryg bætir tjón skal réttur váttryggðs til þess að krefjast bóta frá nokkrum aðila sem ber ábyrg á skemmdum, meiðslum eða tjóni færast yfir til Tryg. Hafi váttryggður gefið eftir rétt sinn til bóta í kjölfar skemmda, meiðsla eða tjóns frá þeim aðila sem ber ábyrgð á fyrrnefndum skemmdum, meiðslum eða tjóni með samningi, ábyrgð eða álíku eða málskotsrétti, skerðir það einnig ábyrgð Tryg á samsvarandi hátt. Þar að auki gæti váttryggður þurft að bera ábyrgð á bótum sem þegar hafa verið greiddar.

Lög og lögsagnarumdæmi

Váttryggingarsamningurinn fellur undir dönsk lög. Dönsk lög um váttryggingarsamninga og dönsk lög um sölu váttryggingarsamninga, nema annað sé tekið fram í þessum skilmálum.

14. Svona vinnum við úr persónuupplýsingum þínum

Þú getur lesið meira um það hvernig við förum með persónuupplýsingar þínar á slóðinni: www.tryg.dk/personoplysninger. Þar finnur þú meðal annars upplýsingar um:

- Í hvaða tilgangi við vinnum upplýsingar um þig,
- Hvar upplýsingarnar eru skráðar, og
- Hverjum við gætum afhent upplýsingarnar um þig

Þú getur alltaf haft samband við okkur ef þú vilt vita meira.

15. Kvartanir

Sért þú ekki sammála ákvörðun okkar, getur þú haft samband við þá deild sem afgreiddi mál þitt. Ef þú ert ennþá ekki sammála getur þú haft samband við gæðadeild okkar ("Kvalitet"), sem meðhöndlar kvartanir.

Tryg

Klausdalsbrovej 601
2750 Ballerup
Denmark
Netfang: kvalitet@tryg.dk

Sért þú ekki sáttur við niðurstöðu gæðadeildarinnar getur þú kvartað til:

Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum

Höfðatún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 520 3700
Netfang: urskvatr@fme.is
Vefsíða: <https://www.fme.is/eftirlit/neytendur/urskurdarn>
efndir/urskurdarnefnd-i-vatryggingamalum/

Þessir skilmálar eru þýðing úr enskum texta. Sé misræmi milli texta þá gildir enski frumtextinn.